

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu
(sameining vistunarmatsnefnda).**

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Nefnd um vistunarmat í hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu hefur kynnt sér frumvarpið. Almennt má segja að vægi dvalarrýma í þjónustukeðju við eldra fólk sé á undanhaldi. Að því leiti má segja að þessu úrræði sé gert hátt undir höfði að til þess þurfi sérstakt vistunarmat. Sýnt er að Þjónustu- og öryggisíbúðir (svo sem Dalbraut 27 eða Seljahlíð í Reykjavík eða öryggisíbúðir við Eir í Grafarvogi og Mosfellsbæ) sem veita raunverulega þjónustu hafa mikið til tekið við hlutverki dvalarrýma. Núverandi fyrirkomulag þar sem sérstök nefnd tekur við umsóknum um dvalarrými sem áður hafa fengið úrvinnslu starfsmanna félagsþjónustu á viðkomandi svæði hefur stuðlað að sjálfstæðri úrvinnslu félagsþjónustunnar á málum einstaklinga. Í því ferli hefur einstaklingi verið bent á aðrar leiðir en dvalarrými sem úrræði. Þessi leið tapast með því að fólk sé hvatt til að senda inn beiðni um varanlega vistun fremur en að leita annarra mögulegra leiða áður en kemur að lokastigi þjónustukeðjunnar.

Tryggja þarf að nefndir sem starfa eftir því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu gæti að því að íhuga fyrst möguleika einstaklings á dvöl í þjónustu- eða öryggisíbúð áður en til þess kemur að samþykkja dvöl í dvalarrými sem úrræði. Verði fram hjá því horft getur auðveldlega myndast langur biðlisti eftir dvalarrými sem býður upp á að sú ályktun sé dregin að mikill skortur sé á þeim.

Verði af sameiningu nefndanna er það mat undirritaðra að ekki sé þörf á fjölgun nefndarmanna í fjölmennari heilbrigðisumdæmum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Fjölgun nefndarmanna getur leitt til óskilvirkni og sé fjölguninni ætlað að mæta fjölgun teyma (tvö teymi) í sama umdæmi er hætta á að ósamræmi í vinnubrögðum skapist sem leitt getur til mismununar í málsmeðferð.

Reykjavík 8. febrúar 2012

Virðingarfyllst,

Vistunarmatsnefnd höfuðbogsvæðisins fyrir hjúkrunarrými:

Pálmi V. Jónsson, formaður

Inga Valgerður Kristinsdóttir,

Unnur V. Ingólfssdóttir